

Fundargerð XXII. landsþings

Sambands íslenskra sveitarfélaga 4. apríl 2008

Árið 2008, þann 4. apríl var landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið á Hilton Reykjavík Nordica. Landsþingið hófst kl. kl. 9:00.

1 Þingsetning

Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna. Glætur með erindi hans eru birtar á upplýsinga- og samskiptavef sambandsins og vísast til þeirra um efni erindisins.

2 Kosning starfsmanna þingsins

- Kosning tveggja þingforseta. Kosin voru: Ellý Erlingsdóttir Hafnarfjarðarkaupstað og Sveinn Pálsson Mýrdalshreppi.
- Kosning tveggja þingritara. Kosin voru: Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir Tálknafjarðarhreppi og Guðmundur Sigvaldason Hörgárbyggð.
- Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar. Kosin voru: Úlfar B. Thoroddsen Vesturbyggð, Björk Vilhelmsdóttir Reykjavíkurborg og Jónína Rós Guðmundsdóttir Fljótsdalshéraði.

3 Ávarp ráðherra sveitarstjórnarmála

Kristján L. Möller samgönguráðherra, flutti ávarp þar sem hann fór yfir helstu viðfangsefni á vettvangi sveitarstjórnarmála.

Að loknu ávarpi ráðherra var fyrirspurnum beint til hans og formanns sambandsins. Fyrirspurnir bárust frá eftirtöldum:

Gunnari Braga Sveinssyni Sveitarfélaginu Skagafirði, Valgarði Hilmarssyni Blönduósbæ, Gísla Marteini Baldurssyni Reykjavíkurborg, Þorvaldi Jóhannssyni SSA, Grími Atlasyni Bolungarvíkurkaupstað, Sveinbirni Eyjólfsyni Borgarbyggð, Gísla S. Einarssyni Akraneskaupstað, Svanfríði Ingu Jónasdóttur Dalvíkurbyggð og Helgu Jónsdóttur Fjarðabyggð.

Samgönguráðherra og formaður sambandsins svöruðu framkomnum fyrirspurnum.

4 Verkaskiptamálin – staðan nú

Sigurður Helgason, stjórnsýslufræðingur og ráðgjafi verkefnisstjórnar um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, flutti erindið „Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála“. Glætur með erindinu eru birtar á upplýsinga- og samskiptavef sambandsins og vísast til þeirra um efni þess.

Að loknu erindinu var fyrirspurnum beint til framsögumannsins og eftirtalinna, sem eru í verkefnisstjórninni: Lúðvíks Geirssonar, Sigrúnar

Bjarkar Jakobsdóttur og Svandísar Svavarsdóttur, auk Einars Njálssonar verkefnisstjóra. Fyrirspurnir bárust frá eftirtöldum:

Óskari Bergssyni Reykjavíkurborg, Guðnýju Sverrisdóttur Grýtubakka-hreppi, Björk Vilhelmsdóttur Reykjavíkurborg, Hjalta Þór Vignissyni Sveitarfélaginu Hornafirði, Jórunni Frímansdóttur Reykjavíkurborg, Ingvari Ingvarssyni Grímsnes- og Grafningshreppi, Magnúsi B. Jónssyni Sveitarfélaginu Skagaströnd, Sveinbirni Eyjólfssyni Borgarbyggð og Páli Hilmarssyni Garðabæ.

Auk þess að svara fyrirspurnum fluttu framangreindir fulltrúar í verkefnisstjórninni og verkefnisstjóri stutt innlegg.

Hádegisverðarhlé var gert kl. 12:00-13:00.

5 Álit kjörbréfanefndar

Jónína Rós Guðmundsdóttir gerði grein fyrir eftirfarandi niðurstöðu kjörbréfanefndar:

„Kjörbréfanefnd hefur farið yfir þau kjörbréf sem borist hafa vegna breytinga sem hafa orðið á kjöri sveitarfélaganna á landsþingsfulltrúum frá síðasta landsþingi. Ný kjörbréf bárust frá 6 sveitarfélögum. Nefndin gerir ekki athugasemdir við kjörbréfin. Rétt til setu á landsþinginu eiga 155 fulltrúar frá 79 sveitarfélögum. Mættir eru 127 fulltrúar frá 70 sveitarfélögum. Þá eru mættir á landsþingið 32 fulltrúar með málfrelsi og tillögurétt, samkvæmt 7. gr. laga sambandsins. Starfsmenn sambandsins gera enn og ítrekað athugasemdir við það hve seint stór hluti landsþingsfulltrúa tilkynnir þátttöku á landsþingið, en það hefur skapað erfiðleika við undirbúning þess. Það eru vinsamleg tilmæli að framvegis virði landsþingsfulltrúar þau tímamörk sem gefin eru í bréfum með þingboðun“.

6 Stjórnarkjör

Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, flutti eftirfarandi tillögu um kosningu aðalmanna og varamanna í stjórn sambandsins, sjá þingskjal 9.

Aðalmenn:

Dagur B. Eggertsson
Reykjavíkurborg

Svandís Svavarsdóttir
Reykjavíkurborg

Gunnar Einarsson
Suðvesturkjörsvæði

Sigrún Björk Jakobsdóttir
Norðausturkjörsvæði

Aldís Hafsteinsdóttir
Suðurkjörsvæði

Varamenn

Oddný Sturludóttir
Reykjavíkurborg

Þorleifur Gunnlaugsson
Reykjavíkurborg

Haraldur Sverrisson
Suðvesturkjörsvæði

Jónína Magnúsdóttir
Norðausturkjörsvæði

Sigurður Valur Ásbjarnarson
Suðurkjörsvæði

Ómar Stefánsson, Kópavogsbæ, gerði athugasemdir við framlagða tillögu og bauð sig fram sem aðalmaður í stjórn sambandsins. Um athugasemdir Ómars og framboð tóku til máls Halldór Halldórsson (tvisvar) og Erling Ásgeirsson Garðabæ. Þá ítrekaði Ómar athugasemdir sínar og framboð.

Svandís Svavarsdóttir Reykjavíkurborg, flutti tillögu um skipun kjörnefndar, þar sem stjórnaráðgjafarnir ættu fulltrúa sem hér segir: Ísólfur Gylfi Pálmason, Sigurður Magnússon, Erling Ásgeirsson og Björk Vilhelmsdóttir.

Áður en tillagan um skipun kjörnefndar var borin undir atkvæði, dró Ómar Stefánsson framboð sitt til baka. Í framhaldi af því dró Svandís Svavarsdóttir til baka tillögu sína um skipun kjörnefndar.

Þá voru greidd atkvæði um framanritaða tillögu formanns sambandsins. Fyrst voru greidd atkvæði um aðalmenn og var tillagan um þá samþykkt með þorra atkvæða gegn einu. Síðan voru greidd atkvæði um varamenn og var tillagan um þá samþykkt með þorra atkvæða gegn einu.

7 Drög að stefnu og aðgerðaáætlun sambandsins 2008-2010

Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri sambandsins, flutti erindi um stefnumörkun og aðgerðaáætlun sambandsins á árunum 2008–2010. Í erindinu byggði hann á ritinu „Áherslur landsþinga 2006 og 2007“, sjá þingskjal 4. Þá flutti framkvæmdastjóri tillögur stjórnar sambandsins til landsþingsins að stefnumörkuninni og aðgerðaáætlun, sjá þingskjal 5. Tillögurnar eru í sjö meginliðum.

8 Umræður og afgreiðsla stefnu og aðgerðaáætlunar 2008-2010

Finnbogi Rögnvaldsson Borgarbyggð, lagði fram og mælti fyrir svohljóðandi breytingartillögu við tillögu stjórnar sambandsins um stefnumörkun og aðgerðaáætlun þess 2008-2010:

„Við lið 4 um stjórnun sveitarfélaga bætist eftirfarandi liður:

Á árinu 2008 stofni stjórn sambandsins vinnuhóp sem hafi það hlutverk að endurskoða stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga í byggðamálum sem samþykkt var á 62. fundi fulltrúaráðs sambandsins í Hveragerði árið 2002. Tillögur að stefnumörkun verði lagðar fyrir landsþing sambandsins 2009 til efnislegrar meðferðar“.

Til máls tóku um framkomnar tillögur um stefnu og aðgerðaáætlun sambandsins:

Guðný Sverrisdóttir Grýtubakkahreppi, Hjalti Jón Sveinsson Akureyrarkaupstað, Sveinbjörn Eyjólfsson Borgarbyggð, Sigurður Ingi Jóhannsson Hrunamannahreppi og Elín R. Líndal Húnaþingi vestra.

Óskar Bergsson Reykjavíkurborg lagði fram svohljóðandi tillögu að ályktun um frumvarp til skipulagslaga, ásamt greinargerð:

„XXII. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga áréttar afstöðu sambandsins til frumvarps til skipulagslaga. Skipulagsvaldið er einn af hornsteinum sjálfsákvörðunarréttar sveitarfélaganna og því afar mikilvægt

að landskipulagsáætlun ríkisins verði ekki gerð rétt hærrí skipulagsvaldi sveitarfélaga.

XXII. landsþing sambandsins lýsir því skýrt yfir að samþykkt frumvarpsins eins og það liggur nú fyrir er í andstöðu við vilja og afstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga.“.

Aðrir sem til máls tóku undir þessum dagskrárlið voru:

Hanna Birna Kristjánsdóttir Reykjavíkurborg, Kristinn Jónasson Snæfellsbæ, Halldór Halldórsson formaður og Óskar Bergsson Reykjavíkurborg.

Breytingartillaga Finnboga Rögnvaldssonar var borin undir atkvæði og samþykkt með þorra atkvæða.

Þá voru tillögur stjórnar sambandsins á þingskjali 5 með áorðinni breytingu bornar undir atkvæði og samþykktar með þorra atkvæða.

Loks var tillaga Óskars Bergssonar borin undir atkvæði og var hún samþykkt með þorra atkvæða.

9 Þingslit

Svandís Svavarsdóttir, varaformaður sambandsins, ávarpaði landsþingsfulltrúa, þakkaði starfsmönnum sambandsins og þingsins og sleit síðan þinginu kl. 15:05.

Guðmundur Sigvaldason (sign.)

Eyrún Ingibj. Sigbórsd. (sign.)